

Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 26. janúar 2017 R17010129

Málsnr.	Erindi:	Afgreiðsla:
	Fundargerðir:	
R16010031	Faxaflóahafnir 22.12.'16.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R17010031	Faxaflóahafnir 20.01.'17	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
	Annað:	
R16110031	Afbrotatölfræði, desember 2016.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R17010246	Bréf umhverfis- og auðlindaráðuneytis, dags. 19.01.'17 v/r umsagnar um nýja eglugerð um eldvarnir og eldvarnareftirlit hjá Mannvirkjastofnun.	Sent umhverfis- og skipulagssviði til meðferðar.
R16100175	Álagning fasteignagjalda árið 2017. Minnisblað fjármálaskrifstofu, dags. 23.1.'17.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R17010253	Styrkbeiðni: Vinnustofur fyrir listamenn, dags. 20.1.'17.	Sent MOF til umsagnar.
R17010254	Styrkbeiðni: 1 blár strengur, dags. 21.1.'17	Sent MAR til meðferðar.

Fundur nr. 153

Ár 2017, föstudaginn 20. janúar kom stjórn Faxaflóahafna sf. saman til fundar í fundarherbergi hafnarstjórnar í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu og hófst fundurinn kl. 10:00.

Mættir:

Dagur B. Eggertsson
Líf Magneudóttir
Þórlaug Ágústsdóttir
Ólafur Adolfsson
Björgvin Helgason
S. Björn Blöndal

Varafulltrúi: Halldór Halldórsson
Árni Hjörleifsson

Áheyrnarfulltrúar:

Ingibjörg Valdimarsdóttir
Sigríður Bergmann

Auk þess sátu fundinn: Jón Þorvaldsson, aðstoðarhafnarstjóri, Vignir Albertsson, skipulagsfulltrúi og Gísli Gíslason, hafnarstjóri, sem jafnframt ritar fundargerð.

1. Skipulagsmál:

a. Ósk umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur um umsögn varðandi hugmynd að breytingu lóðarmarka og deiliskipulags Grandagarðs 2.

Í erindinu felst stækkun lóðar Grandagarðs 2 og færslu götustæðis Grandagarðs. Hafnarstjórn tekur ekki afstöðu til fyrirhugaðrar starfsemi á lóðinni, en telur nauðsynlegt að fyrir liggi greining á umferðarflæði götunnar. Þá er ljóst að breytingin kann að hafa í för með sér kostnað vegna lagna sem í götunni eru auk þess sem bent er á hagsmuni lóðarhafa handan Grandagarðs.

b. Bréf umhverfis- og skipulagssviðs, Ann María Andreasen, ásamt fylgigögnum dags. 7.11.2016 þar sem óskað er umsagnar erindi varðandi breytingu deiliskipulags á Grandagarði 8.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um afstöðu annarra eigenda Grandagarðs 8 um aukinn byggingarrétt. Stjórn Faxaflóahafna sf. getur því ekki fallist á erindið eins og það er lagt fram.

c. Bréf Guðna Pálssonar arkitektst dags. 13.9.2016 vegna lóðarstærðir og byggingarmagn á Fiskislóð 45. Bréf Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins dags. 4.1.2017.

ÓÁ vikur af fundi. Hafnarstjórn óskar eftir umsögn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins um erindið.

d. Erindi Hampiðjunnar hf. dags. 6.1.2017 þar sem óskað er eftir breytingu á deiliskipulagi svo unnt verði að byggja veiðarfærageymslu innan lóðar fyrirtækisins við Skarfagarða 4.

Hafnarstjórn fellst á erindið fyrir sitt leyti og samþykkir að Hampiðjan sendi umhverfis- og skipulagsráði nauðsynleg gögn með erindi um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar.

- e. Fyrirspurn Páls Hjaltasonar, arkitekts varðandi byggingu móttökuskála og sýningarhúss að Fiskislóð 43. Minnisblað skipulagsfulltrúa dags. 18.1.2017.

Ekki verður annað séð en að umrædd starfsemi, sem spurt er um geti rúmast innan ákvæða aðal- og deiliskipulags, en miðað við umfang bygginga er ljóst að leita þarf eftir breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar.

- f. Erindi umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur dags. 9.1.2017 þar sem óskað er umsagnar um um ósk um aukið byggingarmagn og hækkun hússins Geirsgata 9.

Hafnarstjórn getur ekki fallist á umbeðnar breytingar hússins.

- 2. Umsókn Bílaryðvarnar dags. 16.11.2016 um lóð undir starfsemi fyrirtækisins á Sundahafnarsvæðinu.

Hafnarstjórn mun ekki taka afstöðu til fyrirliggjandi lóðaumsókna á umræddu svæði fyrr en deiliskipulag svæðisins liggur fyrir, en unnið verður að tillögugerð þar að lútandi á næstu mánuðum.

- 3. Málefni Silicor. Bréf Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytisins dags. 13.1.2017. Hafnarstjóri gerði grein fyrir stöðu málsins og viðræðum við fulltrúa Silicor. Bréf Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins lagt fram. Fyrir liggur beiðni Silicor Materials um að ákvæði hafnarsamnings, lóðarleigusamnings og lóðagjaldsamnings um gildistöku samninganna verði framlengd til septembermánaðar 2017 og að heimild fyrirtækisins til að segja sig frá samningunum gildi til jafnlangs tíma.

Stjórn Faxaflóahafna sf. getur fallist á að veita umbeðinn frest sem lokafrest, en með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Haft verði samráð við Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og fjármálaráðuneytið vegna fjárfestingarsamnings Silicor og ríkisins um frágang málsins þannig að frestunin rúmist innan ákvæða þess samnings.
- b) Á meðan unnið er að fjármögnun verkefnisins og þar sem samningar aðila hafa ekki tekið gildi verður ekki af hálfu Faxaflóahafna sf. farið í neinar framkvæmdir sem efni samninganna gera ráð fyrir.
- c) Silicor Materials skal halda fulltrúum Faxaflóahafna sf. upplýstum um gang viðræðna við fjárfesta og gera þeim grein fyrir því eins fljótt og kostur er hvort af verkefninu verði eða ekki innan þess tíma sem tilgreindur er í samþykkt þessari.

Stjórn Faxaflóahafna sf. heimilar hafnarstjóra að undirrita viðaukasamning við Silicor Materials, sem taki til ofangreinds.


Framangreint samþykkt með fjórum atkvæðum DBE, ÓA, ÁE og BH. Hjá sitja SSB, LM, ÞÁ og HH.

- 4. Erindi Umhverfisvaktarinnar við Hvalfjörð dags. 12.12.2016 þar sem óskað er eftir að lóðarleigusamningi GMR ehf. á Grundartanga verði sagt upp.

Um lóð GMR á Grundartanga er lóðarleigusamningur í gildi. Það er afstaða stjórnar Faxaflóahafna sf. að fyrirtækið eigi ávallt að uppfylla skilyrði starfsleyfis og það verkefni Umhverfisstofnunar að hafa eftirlit með starfseminni.

5. Erindi Skinnfisk ehf. varðandi vörugjöld af fiskúrgangi dags. 20.11.2016.
Hafnarstjóra falið að afgreiða málið.
6. Tillaga að endurskoðaðri umhverfisstefnu fyrir Faxaflóahafnir sf.
Hafnarstjóri gerði grein fyrir málinu. Samþykkt að taka málið til afgreiðslu á næsta fundi.
7. Innri endurskoðun.
Samþykkt að fá fulltrúa endurskoðunarnefndar á næsta fund stjórnar.
8. Málefni Sindraportsins hf. (áður Hringrás hf.) - Klettagarðar 7 og 9. Bréf Hildar Leifsdóttur hdl. dags. 20.12.2016.
Með bréfi lögmanns Sindraportsins fylgir ljósrit undirritaðs lóðarleigusamnings, sem ekki hefur verið þinglýst og hefur ekki skilað sér til Faxaflóahafna sf. (áður Reykjavíkurfahafnar). Lóðarleigusamningurinn er dagsettur 23.12.2003 og gildir til loka árs 2023. Af hálfu Faxaflóahafna hefur verið fundað með fulltrúum Sindraportsins og þar kom fram að fulltrúar fyrirtækisins væru reiðubúnir til viðræðna um flutning fyrirtækisins. Af hálfu stjórnar Faxaflóahafna sf. er það sjónarmið ítrekað að óhjákvæmilegt er að starfsemin flytji af lóðinni m.a. með tilvísun í þær forsendur sem bókaðar voru á fundi stjórnarinnar þann 9.12. s.l. Í ljósi þess að fyrir hendi er vilji til að taka upp viðræður um flutning Sindraportsins af lóðinni Klettagarðar 9 þá er hafnarstjóra falið að hefja þær viðræður og óska eftir að fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur komi þar einnig að málum.
9. Ársreikningur Menntunarsjóðs Þórarins Kristinssonar fyrir árið 2016.
Hafnarstjóri gerði grein fyrir niðurstöðu ársreikningsins. Hafnarstjórn samþykkir reikninginn.
10. Skipulags- og umferðarmál um Austurbakka.
Hafnarstjóri gerði grein fyrir stöðu málsins.
11. 100 ára afmæli - drög að áætlun viðburða.
Lögð fram drög að viðburðum í tenglsum við 100 ára afmæli. Gömlu hafnarinnar.
12. Forkaupsréttarmál:
 - a. Erindi Fasteignamarkaðarins dags. í nóvember 2017, varðandi beiðni um að fallið verði frá forkaupsrétti að eignarluta í Fiskislóð 45 fastanr. 231-2209. Kaupandi AVP ehf., kt. 510309-0730. Seljandi Ragnar Þórisson kt. 180471-3089.
Hafnarstjórn staðfestir að fallið sé frá forkaupsrétti enda verði nýting eignarinnar í samræmi við lóðarleigusamning og deiliskipulag. ÓA vék af fundi.

Fleira ekki gert,
fundi slitið kl. 12:00


Einar Einarsson


aglaugur

Pörburg Hgústsd.

~~Sten Haldr~~
Vagnur Albertsson
for þowellsson

Björgun Helgum


Pjetri Pjetri



Frejbjörg Valdimarsd.

Stuðingurinn

Ár 2016, fimmtudaginn 22. desember 2016 komu eigendur Faxaflóahafna sf. saman til fundar og var fundurinn haldinn rafrænt fyrir hádegi.

Mættir:

F.h. Reykjavíkurborgar, Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri
F.h. Akraneskaupstaðar, Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri
F.h. Borgarbyggðar, Gunnlaugur Júlíusson, sveitarstjóri
F.h. Skorradalshrepps, Árni Hjörleifsson, oddviti
F.h. Hvalfjarðarsveitar, Skúli Þórðarson, sveitarstjóri
og auk þeirra Gísli Gíslason, hafnarstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fyrir fundinum lá eitt erindi, tillaga stjórnar Faxaflóahafna sf. svohljóðandi:
"Þrátt fyrir samþykkt aðalfundar Faxaflóahafna sf. þann 26. maí s.l. að stjórnarlaun skuli samsvara flokki 1 í launakerfi fastra nefnda hjá Reykjavíkurborg samþykkir stjórn Faxaflóahafna sf. að launin taki frá 1. janúar mið af 2. flokki fastra nefnda hjá Reykjavíkurborg. Stjórnin beinir því til eigenda félagsins að staðfesta samþykkt þessa á fundi eigenda."

Tillagan samþykkt samhljóða.


Fundargerð staðfest af fundarmönnum.

Fleira ekki gert,

Fundi slitið.

Frumrit fundargerð send fundarmönnum til undirritunar.

Gísli Gíslason, fundarritari.


Gísli Gíslason
Regína Ásvaldsdóttir
Gunnlaugur Júlíusson
Árni Hjörleifsson
Skúli Þórðarson

Málsnr.: R17010246
Skjalasafn Ráðhúss
23. jan. 2017
Bréfalykill: 722



Reykjavíkurborg
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

UMHVERFIS- OG
AÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 19. janúar 2017
Tilv.: UMH16110003/0011

Að undanfögnu hefur staðið yfir vinna við gerð nýrrar reglugerðar um eldvarnir og eldvarnareftirlit hjá Mannvirkjastofnun. Ný reglugerð kæmi í stað tveggja eldri reglugerða, þ.e. reglugerðar um eigið eftirlit eigenda og forráðamanna með brunavörnum í atvinnuhúsnæði nr. 200/1994 og reglugerðar um eldvarnareftirlit sveitarfélaga með atvinnuhúsnæði sem tekið hefur verið í notkun nr. 198/1994. Kallað hefur verið eftir endurskoðun beggja reglugerðanna um nokkurt skeið. Þá hefur málefnið ítrekað verið til umfjöllunar á ráðstefnum Mannvirkjastofnunar og áður Brunamálastofnunar með slökkviliðsstjórum landsins. Við gerð reglugerðarinnar var einnig litið til norrænna reglugerða um sama efni og þá einkum nýrrar norskrar reglugerðar.


Reglugerðardrögin voru kynnt Félagi slökkviliðsstjóra á fundi með Mannvirkjastofnun síðastliðið haust og í framhaldinu voru gerðar lítilsháttar breytingar á þeim með hliðsjón af þeim athugasemdum sem fram komu á fundinum. Mat stofnunarinnar er að almennt séð hafi viðbrögð félagsins verið jákvæð. Frekari kynningar hafa ekki átt sér stað.

Ráðuneytið óskar hér með eftir umsögn um framkomin drög og að þau berist ráðuneytinu eigi síðar en 10. febrúar nk. Þeir aðilar sem hafa tök á að senda sína umsögn fyrir eru hvattir til þess. Stefnt er að því að úrvinnslu umsagna verði hraðað eftir föngum og að ný reglugerð taki gildi sem fyrst.

Drög að nýrri reglugerð um starfsemi slökkviliða er að finna á heimasíðu ráðuneytisins: <https://www.umhverfisraduneyti.is/frettir/drog-ad-reglugerd-um-eldvarnir-og-eldvarnareftirlit-i-kynningu>

Fyrir hönd ráðherra


William Freyr Huntingdon-Williams



Afbrotatölfræði

desember 2016



Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Samantekt

Aðferð

Í skýrslu þessari eru teknar saman mánaðarlega lykiltölur embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Einungis er um bráðabirgðatölur að ræða. Fjöldinn getur breyst með brotum sem kærð eru seint og því verið frábrugðinn endanlegum tölum.



Hér að neðan er fjöldi afbrota í desember borinn saman við meðalfjölda brota síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan út frá staðalfrávikum. Með því að reikna staðalfrávik er hægt að áætla neðri og efri mörk brota síðastliðna sex og 12 mánuði á undan sem nýtast til þess að leggja mat á hve marktækar breytingarnar í desember eru miðað þessi mörk.

	Nóvember 2016	Desember 2016	Staða breytinga m.v. 6 mán.	Staða breytinga m.v. 12 mán.
Hegningarlagabrot	668	609	Mikil fækkun	Mikil fækkun
þjófnaður	308	255	Mikil fækkun	Mikil fækkun
þjófnaður - innbrot	94	66	Innan marka	Innan marka
Manndráp og líkamsmeiðingar	100	100	Innan marka	Innan marka
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	4	4	Innan marka	Innan marka
Kynferðisbrot	20	18	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	4	1	Fækkar	Innan marka
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	91	97	Innan marka	Innan marka
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	25	22	Innan marka	Innan marka
Fíkniefni	103	91	Fækkar	Fækkar
Umferðarlagabrot	772	688	Fækkar	Innan marka
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	81	91	Fjölgar	Fjölgar
Ölvun við akstur	89	91	Fjölgar	Fjölgar
Innbrot á heimili	23	14	Fækkar	Innan marka
Slys	45	40	Innan marka	Innan marka



Hegningarlagabrot

- Skráðar voru 609 tilkynningar um hegningarlagabrot í desembermánuði.
- Skráðum hegningarlagabrotum fækkar miðað við fjölda síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan og reiknast fækkunin mikil miðað við neðri mörk síðustu sex og síðustu 12 mánaða.
- Árið 2016 bárust svipað jafn margar tilkynningar um hegningarlagabrot og að meðaltali síðustu þrjú ár á undan.





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Hegningarlagabrot	Oktober 2016	Meðalt.	Mörk	Breyting frá meðalt.	Staða breytinga	
			Neðri	Efri	%	
6 mánaða meðaltal	609	712	662	762	-101 -14%	Mikil fækkun
12 mánaða meðaltal	609	710	671	762	-103 -14%	Mikil fækkun



Þjófnaðir

- Skráðar voru 255 tilkynningar um þjófnað í desember. Eru það færri tilkynningar en í nóvember.
- Fjöldi tilkyntra þjófnaða fækkar miðað við neðri mörk síðustu sex mánaða og síðustu 12 og reiknast fækkunin mikil.
- Á milli mánaða fækkaði tilkynningum um allar tegundir þjófnaða, nema þjófnaði á farsísum sem standa í stað.
- Tilkynntum þjófnum fækkaði um 12 prósent árið 2016 miðað við meðalfjölda síðustu þriggja ára á undan.





Fjöldi brota það sem af ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Þjófnaður	Desember 2016		Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga	
	Meðalt.	Neðri	Neðri	Efri	+/-	%	Mikil fækkun	Mikil fækkun
6 mánaða meðaltal	255	321	299	342	-66	-20%	Mikil fækkun	Mikil fækkun
12 mánaða meðaltal	255	317	291	344	-62	-20%	Mikil fækkun	Mikil fækkun



Innbrot

- Í desember voru 66 innbrot tilkynnt lögreglu, sem er fækkun miðað við síðasta mánuð.
- Fjöldi tilkynntra innbrota er innan útreiknaða marka fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Árið 2016 bárust tíu prósent færri tilkynningar um innbrot samanborið við meðaltal síðustu þriggja ára á undan.




Fjöldi brota það sem af ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



Innbrot	Desember 2016	Meðalt.	Mörk	Breyting frá meðalt.	Staða breytinga
		Neðri	Efri	+/-	%
6 mánaða meðaltal	66	50	79	2	3%
12 mánaða meðaltal	66	57	90	-8	-10%
					Innan marka
					Innan marka



Ofbeldisbrot



- Í desember bárust lögreglu 100 tilkynningar um ofbeldisbrot. Það er jafn margar tilkynningar og í nóvember.
- Skráðar tilkynningar um ofbeldisbrot eru innan marka miðað reiknuð mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Árið 2016 bárust 22 prósent fleiri tilkynningar um ofbeldisbrot samanborið við meðaltal síðustu þriggja ára á undan.



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Ofbeldisbrot	Desember 2016		Meðalt.		Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga	
	100	100	97	108	Neðri	Efri	+/-	%	Innan marka	Innan marka
6 mánaða meðaltal	100	100	97	108	87	107	1	1%	Innan marka	
12 mánaða meðaltal	100	97	87	107	87	107	3	3%	Innan marka	



Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Ofbeldi gagnvart lögreglumanni



Ofbeldi gagnvart lögreglumanni

- Í desember voru skráð fjögur tilvik þar sem lögreglumaður var beittur ofbeldi.
- Árið 2016 voru skráð um 29 prósent færri tilvik þar sem lögreglumaður var beittur ofbeldi miðað við meðaltal síðustu þriggja ára á undan.


Hótun um ofbeldi gagnvart lögreglumanni

- Í desember voru skráð tvö tilvik þar sem lögreglumanni var hótað ofbeldi.
- Það sem af er ári hafa skráð tilvik verið um 34 prósent færri en meðalfjöldi síðustu þriggja ára áður.

Ofbeldi gagnvart lögreglumanni



Hótun um ofbeldi gagnvart lögreglumanni




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu


Kynferðisbrot—dags. brots




- Tilkynt var um 18 kynferðisbrot sem áttu sér stað í desember. Eru það færri brot en í nóvember.
- Fjöldi tilkynnta kynferðisbrota í desember eru innan marka miðað við meðalfjölda síðustu sex og síðustu 12 mánuði.
- Tilkynningar um kynferðisbrot voru um fimm prósent færri árið 2016 samanborið við meðalfjölda fyrir sama tímabil árin 2013 til 2015.

Hér er fyrir neðan er fjöldi kynferðisbrota sem áttu sér stað í hverjum mánuði fyrir sig á tímabilinu.

Fjöldi 3 mánaða meðaltal 12 mánaða meðaltal



Kynferðisbrot	Desember 2016		Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
	Desember 2016	Meðalt.	Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	18	20	13	27	-2	-9%	Innan marka
12 mánaða meðaltal	18	17	11	23	1	6%	Innan marka




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.




Kynferðisbrot—dags. tilkynnt

- Tilkynnt var um 41 kynferðisbrot í desember og fjölgar tilkynningum umtalsvert á milli mánaða.
- Fjöldi tilkynnta kynferðisbrota í desember fjölgar mikið miðað við efri mörk síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Árið 2016 bárust um tíu prósent færri tilkynningar um kynferðisbrot samanborið við meðaltal síðustu þriggja ára á undan.

Hér er fyrir neðan er fjöldi kynferðisbrota sem voru tilkynnt í hverjum mánuði fyrir sig, burt séð frá því hvenær brotið átti sér stað.



Kynferðisbrot		Desember 2016		Meðalt. 2016		Mörk Neðri		Efri		Breyting frá meðalt. +/-		Staða breytinga %	
6 mánaða meðaltal	41	23	15	31	18	81%					Mikil fjölgun		
12 mánaða meðaltal	41	21	15	28	20	91%					Mikil fjölgun		



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.




Heimilisofbeldi



- Alls bárust 66 tilkynningar um heimilisofbeldi í desember.
- Tilkynningum um heimilisofbeldi fjölga mikið í desember samanborið við efri mörk síðustu sex og síðustu 12 mánaða á undan.
- Árið 2016 bárust 64 prósent fleiri tilkynningar um heimilisofbeldi en bárust að meðaltali síðustu þjú ár á undan.
- Nýtt verklag lögreglu í málaflokknum tók formlega gildi 12. janúar 2015. Að þeim sökum er ekki marktækt að bera saman fjölda fyrir og eftir breytingar.


Fjöldi 3 mánaða meðaltal 12 mánaða meðaltal



Heimilisofbeldi	Desember 2016	Meðalt. Meðalt.	Mörk Neðri	Efri	Breyting frá meðalt. +/-	Staða breytinga %
6 mánaða meðaltal	66	56	53	58	11	19%
12 mánaða meðaltal	66	53	48	58	13	24%

10

Um er að ræða bráðabirgðartölur sem geta tekið breytingum vegna yfirferðar á skráningum í tengslum við nýtt verklag





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Eignaspjöll

- Í desember voru skráðar 98 tilkynningar um eignaspjöll.
- Fjöldi tilkynninga um eignaspjöll í heild eru innan marka miðað við meðalfjölda síðustu sex og síðustu 12 mánaða.
- Tilkynningum um eignaspjöll hefur fylgð um fjögur prósent samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára.
- Á milli mánaða fylgðri tilkynningum um rúðubrot og meiriháttar eingaspjöll.




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Eignaspjöll	Desember 2016		Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga	
	Meðalt.	Neðri	Efri	+/-	%	Innan marka	Innan marka	
6 mánaða meðaltal	98	95	116	-7	-7%	Innan marka	Innan marka	
12 mánaða meðaltal	98	97	124	-12	-11%	Innan marka	Innan marka	




Nytjastuldur ökutækja

- Skráðar voru 22 tilkynningar um nytjastuld á vélknúnum farartækjum í desember.
- Fjöldi tilkynninga um nytjastuldi eru innan marka miðað við síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Tilkynningarnar eru um 22 prósent fleiri miðað við meðalfjölda síðustu þriggja ára.



Nytjastuldur	Desember 2016	Meðalt.	Mörk Neðri	Mörk Efri	Breyting frá meðalt. %	Staða breytinga
6 mánaða meðaltal	22	25	19	31	-3	Innan marka
12 mánaða meðaltal	22	29	21	37	-7	Innan marka





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



Fíkniefnabrot

- Í desember voru skráð 96 fíkniefnabrot. Skráðum brotum fækkar á milli mánaða.
- Skráðum tilkynningum um fíkniefnabrotum fækkar miðað við neðri mörk síðustu sex mánaða og miðað við neðri mörk síðustu 12 mánuði á undan.
- Í desember voru skráð fimm stórfelld fíkniefnabrot.*
- Það sem af er ári hafa verið skráð um 13 prósent færri fíkniefnabrot samanborið við meðalfjölda sama tímabils síðustu þriggja ára.

Fíkniefnabrot — Par af stórfelld brot 3 mánaða meðaltal 12 mánaða meðaltal




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.




Umferðarlagabrot

- Skráð voru 688 umferðarlagabrot* í desember. Skráðum umferðarlagabrotum fækkar á milli mánaða.
- Skráðum umferðarlagabrotum fækkar miðað við neðri mörk síðastliðna sex mánuði, en eru innan marka miðað við meðalfjölda síðustu 12 mánuði á undan.
- Árið 2016 voru skráð 11 prósent færri brot samanborið við meðalfjölda síðustu þriggja ára á undan.




Umferðarlagabrot	Desember 2016	Meðalt. 3 mánaða meðaltal	Mörk 12 mánaða meðaltal	Breyting frá Staða breytinga +/- %	Færkar
6 mánaða meðaltal	688	926	716	1.137	-26%
12 mánaða meðaltal	688	957	686	1.228	-28%



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



Akstur undir áhrifum





Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna

- Skráð var 91 brot þar sem ökumaður var grunaður um akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna í desember.
- Skráðum brotum fjölgað við efri mörk síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Brotunum hefur fjölgað um 12 prósent það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára.

Ölvun við akstur

- Skráð var 91 brot þar sem ökumaður var grunaður um ölvun við akstur. Skráðum brotum fjölgað á milli mánaða.
- Skráðum brotum fjölgað við síðustu sex og síðustu 12 mánuði.
- Brotunum hefur fjölgað um sex prósent það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára.

■ Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna
■ Ölvun við akstur




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.




Umferðarslys

- Skráð voru 40 umferðarslys í desember.
- Skráð umferðarslys eru innan marka miðað við meðalfjölda síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Skráð umferðarslys á höfuðborgarsvæðinu voru tíu prósent fleiri í desember samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára á undan.




Umferðarslys	Desember	Meðalt.	Mörk	Breyting frá meðalt.	Staða breytinga
			Neðri	Efri	%
6 mánaða meðaltal	40	40	36	43	1%
12 mánaða meðaltal	40	37	33	42	7%





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



Umferðaróhöpp og ölvun



- Skráð voru 12 umferðaróhöpp í desember þar sem ökumaður var grunaður um ölvun við akstur.
- Í desember voru skráð umferðarlagabrot þar sem ökumaður er grunaður um ölvun við akstur innan reiknaðra marka miðað við síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Skráð umferðaróhöpp þar sem ökumaður er grunaður um ölvun við akstur hefur fjölgað um 24 prósent samanborið við sama tíma- bil síðustu þriggja ára.



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.


Umferðaróhöpp og ölvun		Desember		Meðalt.		Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga	
						Neðri	Efri	+/-	%		
6 mánaða meðaltal	12	12	10	14	0	3%	Innan marka				
12 mánaða meðaltal	12	12	8	15	0	4%	Innan marka				




Umferðaróhöpp og fíkniefni

- Í desember voru skráð fjögur umferðaróhöpp þar sem ökumaður er grunaður um akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna.
- Skráð umferðaróhöpp þar sem ökumaður er grunaður um akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna færkar mikið miðað við síðustu sex mánuði, en eru innan marka miðað við síðustu 12 mánuði á undan
- Fjöldi umferðaróhappa þar sem ökumaður var grunaður um akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna hefur fjölgað um 14 prósent samanborið við meðaltal síðustu þriggja ára.

Fjöldi 3 mánaða meðaltal 12 mánaða meðaltal




Umferðaróhöpp og fíkniefni		Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga	
Desember	Meðalt.	Neðri	Efri	+/-	%	Mikil færkkun	Innan marka
6 mánaða meðaltal	4	9	14	-8	-66%	Mikil færkkun	
12 mánaða meðaltal	4	3	9	-2	-33%		



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



Þróun á löggæslusvæði 1



- Hér er fjöldi afbrota í desember borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjú mánuði á svæði lögreglustöðvar 1, sem nær yfir Miðborg, Vesturbæ, Seltjarnarnes, Háaleiti, Hlíðar og Laugardal.

	Nóvember 2016		Desember 2016		Staða breytinga m.v. 6 mán.		Staða breytinga m.v. 12 mán.	
					Fækkar	Fækkar	Fækkar	Fækkar
Hegningarlagabrot	317	300						
Þjófnaður	167	144			Mikil fækkun	Fækkar	Fækkar	
Þjófnaður - innbrot	35	35			Fjölgar	Innan marka	Innan marka	
Manndráp og líkamsmeiðingar	43	46			Innan marka	Innan marka	Innan marka	
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	0	3			Innan marka	Innan marka	Innan marka	
Kynferðisbrot	6	8			Innan marka	Innan marka	Innan marka	
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	1	1			Innan marka	Innan marka	Innan marka	
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	41	43			Innan marka	Innan marka	Innan marka	
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	8	14			Fjölgar	Innan marka	Innan marka	
Fíkniefni	40	39			Innan marka	Innan marka	Innan marka	
Umferðarlagabrot	322	295			Innan marka	Innan marka	Innan marka	
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	26	36			Mikil fjölgun	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun	
Ölvun við akstur	40	51			Mikil fjölgun	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun	
Innbrot á heimili	6	6			Innan marka	Innan marka	Innan marka	
Slys	19	15			Innan marka	Innan marka	Innan marka	



Þróun á löggæslusvæði 2

- Hér er fjöldi afbrota í desember borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjú mánuði á svæði lögreglustöðvar 2, sem nær yfir Hafnarfjörð, Garðabæ og Álftanes.

	Nóvember 2016	Desember 2016	Staða breytinga m.v. 6 mánuði	Staða breytinga m.v. 12 mánuði
Hegningarlagabrot	90	84	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður	31	22	Fækkar	Fækkar
Þjófnaður - innbrot	9	12	Fjölgar	Fjölgar
Mannráp og líkamsmeiðingar	16	17	Innan marka	Innan marka
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	2	0	Innan marka	Innan marka
Kynferðisbrot	3	3	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	2	0	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	12	13	Innan marka	Innan marka
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	5	2	Innan marka	Innan marka
Fíkniefni	12	13	Fækkar	Innan marka
Umferðarlagabrot	133	138	Innan marka	Innan marka
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	18	27	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Ölvun við akstur	15	16	Innan marka	Innan marka
Innbrot á heimili	3	2	Innan marka	Innan marka
Slys	12	9	Innan marka	Innan marka



Þróun á löggæslusvæði 3

- Hér er fjöldi afbrota í desember borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjá mánuði á svæði lögreglustöðvar 3, sem nær yfir Breiðholt og Kópavog.

	Nóvember 2016	Desember 2016	Staða breytinga m.v. 6 mánuði	Staða breytinga m.v. 12 mánuði
Hegningarlagabrot	142	105	Mikil fækkun	Mikil fækkun
Þjófnaður	65	37	Mikil fækkun	Mikil fækkun
Þjófnaður - innbrot	28	9	Fækkar	Fækkar
Manndráp og líkamsmeiðingar	19	20	Innan marka	Innan marka
Öfbelldi gagnvart lögreglumanni	2	0	Fækkar	Fækkar
Kynferðisbrot	7	6	Innan marka	Fjölgar
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	0	0	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	20	22	Innan marka	Innan marka
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	9	2	Mikil fækkun	Mikil fækkun
Fíkniefni	19	24	Innan marka	Innan marka
Umferðarlagabrot	170	130	Innan marka	Innan marka
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	28	13	Fækkar	Fækkar
Ölvun við akstur	15	15	Innan marka	Innan marka
Innbrot á heimili	6	4	Fækkar	Innan marka
Slys	9	9	Innan marka	Innan marka



Þróun á löggæslusvæði 4

- Hér er fjöldi afbrota í desember borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjú mánuði á svæði lögreglustöðvar 4, sem nær yfir Árbæ, Grafarvog, Grafarholt, Mosfellsbæ, Kjalarnes og Kjósarhrepp.

	Nóvember 2016	Desember 2016	Staða breytinga m.v. 6 mánuði	Staða breytinga m.v. 12 mánuði
Hegningarlagabrot	95	99	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður	39	39	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður - innbrot	22	10	Innan marka	Innan marka
Manndráp og líkamsmeiðingar	20	17	Innan marka	Innan marka
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	0	1	Innan marka	Fjölgar
Kynferðisbrot	0	1	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	1	0	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	17	19	Innan marka	Innan marka
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	3	3	Innan marka	Innan marka
Fíkniefni	31	15	Mikil fækkun	Mikil fækkun
Umferðarlagabrot	144	116	Fækkar	Fækkar
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	8	15	Innan marka	Fækkar
Ölvun við akstur	18	8	Fækkar	Fækkar
Innbrot á heimili	8	2	Innan marka	Innan marka
Slys	5	7	Innan marka	Innan marka



Minnisblað

Til: Borgarráðs
Frá: Fjármálastjóra

Efni: Álagning fasteignagjalda 2017

Niðurstaða álagningar fasteignagjalda ársins 2017 er kr. 19.938.484.330.- eins og sést í neðangreindri töflu sem sýnir líka niðurstöðu álagningar fasteignagjalda ársins 2016 og niðurstöðu áætlunar fasteignagjalda ársins 2017. Niðurstaða álagningar ársins 2017 er yfir niðurstöðu áætlunar frá júní 2016 um 0,31% þar sem fjöldi og mat fasteigna til álagningar í lok árs 2016 var meiri en áætlaður var í júní 2016. Þegar álagningarferlinu er lokið er álagningin bókuð og afstemmd milli Landskrár fasteigna og fjárhagskerfis og innheimta ársins hefst.

Afsláttur fasteignagjalda fyrir árið 2017 er áætlaður í upphafi árs 2017 kr. 297.047.530.-, hafa ber í huga að afslátturinn er endanlega ákvarðaður í október 2017. Gert er ráð fyrir í áætlun 2017 að hann verði um kr. 325.000.000. Heildartekjustofn fasteignagjalda ársins 2017 er því nú áætlaður kr. 19.641.436.800.-

Gjald	Niðurstaða 2017	Áætlun 2017	Niðurstaða 2016	Breyting 2017/2016
Fasteignaskattur á íbúðum	3.822.413.253	3.847.009.289	3.418.864.441	11,80%
Fasteignaskattur af atvinnuhúsnæði	10.665.912.191	10.599.566.349	9.487.190.936	12,42%
Fasteignaskattur opinb. Bygg.	2.317.967.126	2.309.290.491	2.190.901.526	5,80%
Samtals fasteignaskattur	16.806.292.570	16.755.866.129	15.096.956.903	11,32%
Lóðarleiga	524.459.163	532.624.069	479.290.054	9,42%
Lóðarleiga atv.h. og opinb.h.	965.711.681	951.708.186	851.020.353	13,48%
Samtals lóðarleiga	1.490.170.844	1.484.332.255	1.330.310.407	12,02%
Gjald vegna endurvinnslustöðva	668.173.922	666.031.000	396.438.422	68,54%
Grá sorptunna	764.289.686	773.320.000	717.860.236	6,47%
Spartunna blandaður úrgangur	42.100.924	43.340.000	37.853.490	11,22%
Blá tunna undir pappírsefni	140.639.528	141.190.000	119.972.313	17,23%
Græn tunna undir plast	26.816.856	35.510.000	2.849.137	841,23%
Samtals sorpgjöld	1.642.020.916	1.659.391.000	1.274.973.598	28,79%
Samtals gjöld	19.938.484.330	19.899.589.384	17.702.240.908	12,63%
Afsláttur fasteignagjalda				
Afsláttur fasteignaskatts	169.492.519	176.390.957	161.724.009	4,80%
Afsláttur fráveitugjalds	127.555.011	148.609.043	136.360.760	-6,46%
Samtals afsláttur	297.047.530	325.000.000	298.084.769	-0,35%
Fasteignagjöld - afslættir	19.641.436.800	19.574.589.384	17.404.156.139	12,85%

Áætlaðar tekjur ársins af fasteignagjöldum skiptast þannig á gjalddaga:

Skipting fasteignagjalda eftir gjalddaga	
Gjalddagi	Gjaldtagafærhæð
1 - 01.02.2017	2.207.175.566
1 - 06.02.2017	-13.109.246
2 - 04.03.2017	2.180.921.310
3 - 02.04.2017	2.180.921.310
4 - 02.05.2017	2.180.921.310
5 - 03.06.2017	2.180.921.310
6 - 02.07.2017	2.180.921.310
7 - 02.08.2017	2.180.921.310
8 - 02.09.2017	2.180.921.310
9 - 02.10.2017	2.180.921.310
Samtals	19.641.436.800

Tekjur af fasteignagjöldum fyrir árið 2017 voru áætlaðar í júní 2016 eftir að fyrirliggjandi gögn voru gerð opinber hjá Þjóðskrá Íslands um fasteignamat og fjölda eininga á þeim tíma. Þetta er gert í samræmi við lög nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna. Niðurstaða áætlunar vegna ársins 2017 sést í töflu hér ofar í minnisblaðinu og var áætlunin samþykkt sem hluti af fjárhagsáætlun ársins 2017 í borgarráði í desember 2016.

Álagningarferilinn er í stórum dráttum þannig að í byrjun janúar keyrir Þjóðskrá Íslands gögn um fasteignir og fasteignamat þeirra í Reykjavík miðað við 31. desember 2016 inn í álagningarkerfi fasteigna. Fjármálaskrifstofa framkvæmir álagningu samkvæmt fyrirfram ákveðnu verkferli til að tryggja hnökralausa álagningu áður en hún er send út til gjaldenda¹. Sjá lýsingu á ferli í viðauka.

Ytri endurskoðendur endurskoða álagningarferlið í tengslum við gerð hvers ársreiknings. Farið hefur verið yfir ferlið með þeim á fundum, bakgögn hafa verið skoðuð og stikkprufur verið teknar.

Í neðangreindri töflu má sjá frekari samanburð einstakra skattflokka og lóðaleigu í milli álagningaráranna 2016 og 2017.

Samanburður skattflokka og lóðaleigu í milli árunna 2016 og			
Fasteignagjöld	Niðurstaða 2017	Niðurstaða 2016	Breyting 2017/2016
Fasteignaskattur á íbúðum	3.822.413.253	3.418.864.441	11,80%
Fasteignaskattur af atvinnuhúsnæði	10.665.912.191	9.487.190.936	12,42%
Fasteignaskattur opinb. Bygg.	2.317.967.126	2.190.901.526	5,80%
Samtals fasteignaskattur	16.806.292.570	15.096.956.903	11,32%
Lóðarleiga	524.459.163	479.290.054	9,42%
Lóðarleiga atv.h. og opinb.h.	965.711.681	851.020.353	13,48%
Samtals lóðarleiga	1.490.170.844	1.330.310.407	12,02%
Lóðarleiga atv.h. og opinb.h.	965.711.681	851.020.353	13,48%
Samtals lóðarleiga	1.490.170.844	1.330.310.407	12,02%


¹ (Þetta er nánar útlistað í handbók um álagningarkerfið útgáfa 2.2 á innra neti reykjavik.is/rekstrarhandbók/Fjármálaskrifstofa/Innheimta/Fasteignagjöld)



Álagningin verður auglýst í Fréttablaðinu, Fréttatímanum og Morgunblaðinu á laugardaginn nk., hún verður svo birt á Rafrænni Reykjavík og island.is á mánudaginn nk. kl 8. Álagningarseðlar berast í hús í næstu viku og kröfurnar stofnast í heimabankanum á sama tíma vegna 1. gjalddagans.

Birgir Björn Sigurjónsson
fjármálastjóri

Viðauki:
Álagningarferli 2017



Bjarni Þóroddsson

Frá: Íris Ann Sigurðardóttir <irisannsig@gmail.com>
Sent: 20. janúar 2017 13:34
Til: Styrkir; Menning
Efni: Vinnustofur fyrir listamenn

Flokkar: Gulur flokkur

Góðan daginn

Við erum 3ja manna teymi sem höfum rekið listamannarými út á Granda í 2 ár.

Við tókum nýlega þá ákvörðun að stækka við okkur og nýta rýmið sem stóð autt við hliðina á okkar rými sem er hentugt því það er hægt að opna á milli rýmanna.

Við stefnum því að byggja upp menningarlegt og viðburðaríkt umhverfi með vinnustofum í öllu húsnæðinu sem er um 800 fm.

Okkar helsta hvatning er skortur á húsnæði fyrir listamenn, en margir hafa vera að missa húsnæðin sín að undanfögnu undir aðra leigustarfsemi.

Við verðum með vinnustofur í opnu rými sem byggir upp sterkt tengslanet fyrir fólk sem nýtir sér aðstöðuna.

Hjá okkur er t.d. silkiprent aðstöða, ljósmyndaver, sauma aðstaða sem og viðburðarrými sem hægt er að nota í ýmiskonar vinnustofur og mögulega hægt að tengja við aðra menningaviðburði eins og Hönnunarmars og fleira...

Okkar viðskiptaplan gerir ráð fyrir því að allir leigjendur standi undir leigunni á rýminu en við erum núna að leitast eftir styrkjum til þess að koma þessu í betri farveg og búa til betri aðstöðu fyrir okkar listamenn.

Þetta er spennandi sprota verkefni sem við höfum sinnt og borgað fyrir úr eigin vasa en þyrftum aðstoð til þess að standa undir þessari uppbyggingu


Við þiggjum með þökkum þá ráðgjöf og aðstoð sem hugsanlega er í boði fyrir okkur

með vinsemd og von um skjót svör
kær kveðja
Íris Ann

EIN BLÁI STRENGUR



NÓVEMBER 2016



Ósk um stuðning við verkefnið „1 Blárstrengur“ og rannsóknarmiðstöð gegn ofbeldi

Nokkrir nemendur og kennarar á heilbrigðisvísindasviði við Háskólann á Akureyri hafa lagt af stað með átaksverkefni sem gengur útá að vekja athygli á kynferðisofbeldi gagnvart drengjum. Vorið 2017 er fyrirhugað að halda ráðstefnu og vinnusmiðjur í húsnæði Háskólans á Akureyri með upphafsmönnum verkefnisins en þeir koma frá Ástralíu og Evrópu. Til að fjármagna það óskar hópurinn eftir stuðningi ráðuneytisins við verkefnið. Einnig er ætlunin að efla starfsemi rannsóknarmiðstöðvar gegn ofbeldi sem stofnuð var af nemendum og kennurum í HA 2011. Markmið rannsóknarmiðstöðvarinnar er að útrýma öllu ofbeldi, einkum gegn börnum og ofbeldi í nánnum samböndum, m.a. með samvinnu við stofnanir og félög hérlendis og erlendis. Að standa fyrir ráðstefnum og málþingum til að útbreiða þekkingu á ofbeldi og afleiðingum þess. Að standa fyrir fjölbreyttri útgáfu sem efla myndi þekkingu á ofbeldi og leiðum til að útrýma því, halda úti heimasíðu, ofbeldi.is, þar sem hægt er að nálgast rannsóknarmiðurstöður og fræðsluefni um ofbeldi. Standa fyrir námskeiðum um ofbeldi og veita styrki til rannsókna. Þess ber að geta að rannsóknarmiðstöðin og átaksverkefnið 1 Blárstrengur nýtur engra fjárstyrkja frá Háskólanum á Akureyri heldur er þetta eingöngu fjármagnað af styrkjum frá fyrirtækjum og drifið áfram af frumkvæði og áhuga nokkurra nemenda og kennara sem nema og starfa við Háskólann á Akureyri.

Lýsinga á átaksverkefninu

Verkefninu „1 Blárstrengur“ er ætlað að vekja athygli á kynferðisofbeldi (KOB) gagnvart drengjum, það er byggt á erlendri fyrirmynd sem hefur gefið góða raun þar sem því hefur verið hrundið í framkvæmd. Rannsóknir sýna að allt að 1 af hverjum 6 drengjum verða fyrir kynferðisofbeldi og vísar nafnið á verkefninu til sex strengja gítarsins en til að vekja athygli á áttakinu er einum streng skipt út fyrir bláan streng. Margir tónlistarmanna hafa þegar lýst yfir vilja til að vera með í áttakinu og er ætlunin að virkja enn fleiri til að taka þátt.

Kynferðisofbeldi er útbreitt á alheimsvísu og hefur alvarlegar afleiðingar á líf milljóna einstaklinga, því getur samfélagið ekki lokað augum og eyrum gagnvart þessum vanda. Þeir karlmenn sem hafa sagt frá reynslu sinni upplifa ýmis viðbrögð við því, bæði jákvæð og neikvæð. Alltof margir upplifa fordóma frá samfélaginu og eru því hræddir við að segja frá. Karllæg gildi, karlmennskuímyndin og staðalímyndir hafa áhrif þar á og þrátt fyrir að samfélagið viðurkenni að vandinn sé til staðar virðast karlmenn almennt ekki leita sér hjálpar vegna reynslu sinnar, því er mikilvægt að opna umræðuna. Frekari upplýsingar um verkefnið má finna hér: <https://1bluestring.org/>

Áætlun vegna verkefnisins

Hugmyndin er að vekja athygli á þessum samfélagslega vanda og fá tónlistarmenn með í átakið. Vorið 2017 verður haldin ráðstefna og vinnusmiðjur í HA um málefnið „1 blár stengur“. Í kjölfarið verður stefnt á að rannsaka hvaða úrræði henta best fyrir þolendur KOB og hvernig megi draga úr vandanum. Útbúin verða kynningarefni til dreifingar á samfélagsmiðlum sem og annað ítarefni með upplýsingum um afleiðingar kynferðisofbeldis og úrræði.

Með von um jákvæðar viðtökur, starfshópur um verkefnið „1 blár strengur“

Umsóknaraðili f.h. hönd „1 blár strengur“: Hrafnhildur Ýr Denke

Heimilisfang: Sólborg/Norðurslóð 2, 600 Akureyri


Kennitala: 520687-1229

Sími: 8957982

Netfang: krummav@gmail.com

Bankanúmer: 0162 hb.: 26 Reikningsnúmer: 030620 skýring: 1Blárstrengur

Fjárhæð styrks sem sótt er um: 200.000 kr.



Gróf kostnaðaráætlun

Kostnaður

Verkefni

1) FUNDARSALIR / TÆKNI

HA Salur	120.000
Tæknimenn	80.000
Veitingar	200.000

Samtals: **400.000**

2) HÖNNUN OG PRENTUN

Heimasíða - grunnupplýsingar	160.000
umsjón -uppfærsla	70.000
Kaup á léni fyrir heimasíðu	20.000
Dagskrá/auglýsingar -hönnun og prentun	60.000
Ráðstefnugögn --prentun	40.000

Samtals: **350.000**

3) GESTAFYRIRLESARAR

1 fyrirlesari frá Ástralíu

Flug báðar leiðir 160.000

1 fyrirlesari frá Evrópu

Flug báðar leiðir 60.000

Flug innanlands fyrir tvo 45.000

Gisting -íbúð fyrir tvo í 4 nætur 125.000

Laun fyrirlesara 352.000

Fæði -fjórir dagar 75.000

Samtals: **817.000**

4) ÝMIS KOSTNAÐUR

Þýðing bæklinga 360.000

Uppsetning á rafrænni skráningu 40.000

Starfsfólk á ráðstefnu 154.000

Samtals: **554.000**

Alls: **2.121.000**